

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	20.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðaál Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Aðalbjörg Egilsdóttir
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Sveinsson Kröyer	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í álver Fjarðaáls, engin frávik komu fram við eftirlit.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Fjarðaál á Reyðarfirði og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Samráðsfundur
- Tilkynningar til Umhverfisstofnunar undanfarið ár
- ETS mál
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Rekstraraðili fór yfir starfsemina undanfarið ár. Raforka til starfseminnar var skert fyrrihluta árs og stefnir í að verði skert aftur á nýju ári. Þar af leiðandi þarf að taka einhver ker úr rekstri sem hefur áhrif á losun frá álverinu, sér í lagi þegar kerin eru tekin aftur í notkun. Jafnframt hefur veðurfar nokkur áhrif á losun, t.d. ef auka þarf opnun í kjallara ef heitt er í veðri.

Fram kom að unnið hafi verið að hreinsun kjallara og bættu verklagi á hreinsun hans sem og bættu verklagi í kerskála til að draga úr ryklosun. Gæði skauta væru jafnframt betri en áður og hefur þetta allt áhrif á losun frá álverinu. Unnið er að endurnýjun mælíbúnaðar fyrir flúorlosun um rjáfur kerskála og mæligetan því skert tímabundið.

Rætt var um meðhöndlun úrgangs, en um 9% af úrgangi frá álverinu fer í urðun, þ.m.t. kerbrot sem flutt eru utan til urðunar. Fram kom að unnið væri að því að finna endurvinnsluáðila fyrir kerbrot.

Rekstraraðili kom á framfæri fyrirspurn um starfsleyfisskyldu vegna aðal- og hliðarstarfsemi á athafnasvæði sínu sem nú er undir eftirliti Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Erindinu verður komið áfram til lögræðings.

Farið var yfir ETS mál tengd Fjarðaáli, m.a. skýrsluskil og framtíðarhorfur varðandi losunarheimildir og þróun þess regluverks á næstu árum.

Endurskoðað starfsleyfi Fjarðaáls er nú í auglýsingu hjá Umhverfisstofnun og stefnt að útgáfu þess fyrir áramót. Vöktunaráætlun rekstraraðila verður jafnframt tekin til endurskoðunar á nýju ári.

Farið var í skoðunarferð í kerskála, hreinsivirki og kersmiðju og var ekki tilefni til athugasemda.

ANNAÐ

Einnig voru viðstaddir eftirlitið fyrir hönd Fjarðaáls Helgi Sigurður Einarsson og Smári Kristinsson.

Fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Austurlands var Kjartan Róbertsson.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.12.2024

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir